

Skógarþjónusta S.r. Suðurlandi 1997.

Ársskýrsla
bændaskógræktar og undirbúnings
átaksverkefnis í skógrækt Suðurlandi .

Tekið saman af Birni B. Jónssyni

Undirbúningur Suðurlandsskóga og lokaár Skógræktar ríkisins í bændaskógrækt á Suðurlandi.

Starfshópur um undirbúning Suðurlandsskóga lauk vinnu við gerð frumvarpsdraga um væntanlegt skógræktarverkefni á Suðurlandi. - Sjá viðauka 1.

Starfshópurinn hélt alls ellefu formlega fundi og þar af einn upplýsingafund með plöntuframleiðendum á Suðurlandi. Björn B. Jónsson skógræktarráðunautur var ritari starfshópsins en auk hans hefur Gunnar Freysteinnsson skógfræðingur unnið með vinnuhópnum við gerð frumvarpsdraganna. Áður hafa þeir Loftur Jónsson og Hreinn Óskarsson skógfræðinemar unnið að frumundirbúningi. Sérfræðingar á skógræktarviði hafa komið að verkefninu með sérhæfa fagvinnu, yfirlestur og athugasemdir.

Frumvarpsdrögin voru sett upp í tíu greinar og þar að auki eru athugasemdir við sjö greinar frumvarpsins. Fylgiskjöl voru sjö sem skiptast þannig:

- I - Greinagerð um Suðurlandsskóga
- II - Samningar
- III - Kostnaðaráætlun Suðurlandsskóga
- IV - Kostnaðartölur fyrir skógrækt og skjólbeltarækt
- V - Greinagerð um innri vexti skógræktar
- VI - Greinagerð um útreikning skatthlutfalls af timbursölu
- VII - Binding koldíoxíðs

Með bréfi dagsettu 6. Hefur landbúnaðarráðherra skipað í stjórn Suðurlandsskóga: Ísólfur Gylfi Pálmason, stjórnarformaður, Gunnar Sverrisson, stjórnarmaður, Félagi skógarbænda á Suðurlandi, Jón Loftsson, stjórnarmaður, Skógrækt ríkisins.

Á árinu 1997 var ákveðið að bjóða út 700.000 plöntur fyrir árið 1999. Lögfræðingar Landbúnaðarráðuneytis taldi nauðsynlegt að Sls fari í útboð á landsvísu. Ekki er talið ráðlegt að hafa "byggðakvóta" á plöntuframleiðslunni. Samþykkt var að láta Ríkiskaup annast útboðið. Verður það á markaði ESB.

3. Fjármögnun á Suðurlandsskógum.

Átaksnefnd um bindingu kolefnis ákveð að láta 1.500.000.- til Sls fram að áramótum til að mæta stjórnunarkostnaði og stofnkostnaði. Auk þess koma sjö milljónir til plöntukaupa og áætlanakostnaðar

Átaksnefndin ákvað auk þess að undir fjárlaganúmeri Suðurlandsskóga komi 20 millj. 1998, 30 millj. árið 1999 og 40 millj. árið 2000.

Umsóknir um framkvæmdastjóra starf Suðurlandsskóga.

Sex umsóknir um framkvæmdastjórastarf Suðurlandsskóga bárust og fylgja nöfn umsækjanda hér á eftir í stafrófsröð:

- a. Auður Sveinsdóttir.
- b. Björn B. Jónsson.
- c. Eiríkur Þorkelsson.
- d. Jón G. Guðmundsson.
- e. Snorri Sigurfinnsson.
- f. Úlfar Óskarsson.

Björn B. Jónsson var ráðinn.

Ásýnd lands.


Til að skógur falli sem best að landsslagi þá var ákveðið að fá Odd Hermannsson landslagsarkitekt til að koma með hugmyndir að ásýnd lands eftir að gróðursetning hefur farið fram. - Sjá viðauka 2.

Hvað eru Suðurlandsskógar ?

Suðurlandsskógar er átaksverkefni í skógrækt á Suðurlandi til 40 ára. Á 40 árum er takmarkið að rækta 35.000 ha af skógi og 10.000 km af skjólbeltum, miðað við einfalda trjáröð. Eftirfarandi er stutt lýsing á helstu gerðum skógræktar og skjólbelta. - Sjá viðhengi 3.

Fjöldi plantna.

Undir merkjum ”bændaskógræktar á Suðurlandi” hefur verið plantað á annað hudrað þúsund plöntur. Sjá súlurit.



Fjöldi gróðursettra plantna á Suðurlandi 1997:

Sýsla	Bær	RL	SG	HG	BG	RG	SF	BF	IB	Steinbjörk	Ösp	Viðir	Elri	Selja	Samtals
Árn	Austurey		2000				500								2500
Árn	Ásgarður	2500													2500
Árn	Ásgerði	500	1600			400	400		1000		1015	210			5125
Árn	Bakki	240	490				280	105	105						1220
Árn	Breiðanes	1000	1000			320					490	490			3300
Árn	Böðmósstaðir		1500								980				2480
Árn	Efri Grímsl	240	520				245	245	140						1390
Árn	Eyvindartunga	2500	16420				8777								27697
Árn	Foss	1000					500		1800			420			3720
Árn	Fossnes	1500	1000				500		520						3520
Árn	Galtalækur	1000		520	280		1000		1000			385			4185
Árn	Gerðakot	280	490				600	245	140						1755
Árn	Giljufur	1500					1000								2500
Árn	Gýgjarhöll	1500					500		1000						3000
Árn	Helgastaðir	1520					1000								2520
Árn	Hrosshagi	1000				2000	1000		2010		1000				7010
Árn	Hruni	2480													2480
Árn	Langamýri		1000									105			1105
Árn	Laxárdalur	4000					500		520			210			5230
Árn	Lækjartún		4000								980	350			5330
Árn	Lækur	240	1510				1275	420	105						3550
Árn	Núpar III		2000				500								2500
Árn	Reykjadalur	1520	4600			1000	6025								13145
Árn	Sandlækur		2000								1995				3995
Árn	Skarð II	2000	1500				1020		520			210			5250
Árn	Skálholt	4000	1000				1000		500						6500
Árn	Sóleyjabakki		12040			24520	1000	16616	520		8000				62696
Árn	Sólheimar		4000								3000	7000			14000
Árn	Spóastaðir	4000	27720				400	2500			1995				32615
Árn	Stóðufell														0
Árn	Syðra-Langholt	2480													2480
Árn	Tröð	1000	2000				700		1000			210			4910
Árn	Vatnsleysa	2000	520				1000		520						4040
Árn	Þrándarholt	3000	1480						1000		1000	315			6795
Árn	Þrándarlundur														0
Rang	Flagbjarnarholt	520	3000						520		2520				6560
Rang	Heylækur		8480			8000	520	4000							21000

Sýsla	Bær	RL	SG	HG	BG	RG	SF	BF	IB	Steinbjörk	Ösp	Viðir	Elri	Selja	Samtals
Rang	Kaldbakur	2000				320	500		1000			840			4660
Rang	Mykjunes	1000	2400				2320		1560		525	1015			8820
Rang	Stóri-Moshvöll	80	1120				320		1040						2560
Rang	Torfastaðir		2000				480								2480
Rang	Varmidalur	7000	6509	200	280		5201				2013	210			21413
Rang	Þjóðólfshagi	520					3520		1400		770				6210
Rang	Þverlækur	1000	1000						480			105			2585
V-Skaft	Giljaland	2000	17000				8025		480		1015	210			28730
V-Skaft	Hemrumörk	5000	1000				2000		480		490	210			9180
V-Skaft	Orustastaðir	2480	5000				2278					210			9968
V-Skaft	Prestbakkakot	2000	3000				1000		480		490				6970
V-Skaft	Skaftárdalur	2000	5520	280	320		4278		1000			595			13993
V-Skaft	Steig	2480													2480
V-Skaft	Úthlið	4000					2480								6480
		72580	144419	1000	35040		79860		20840	0	28278	13300		0	400132

Einingakostnaður:

	Rússalerki fp67	Sitkagreni fp40	Rauðgreni fp40	Blágreni fp40	Hvítgreni fp40	Stafafura fp40	Bergfura fp35	Ösp fp35	Birki fp40	Viðir fp35	Selja fp35
Plöntukostnaður	18,876	28,919	20,879	28,919	27,310	20,879		24,099	20,879	20,081	32,133
Plöntuflutningur	0,20	0,35	0,20	0,35	0,35	0,20	0,35	0,48	0,20	0,48	0,20
Plöntur á hektara	2.500	2.500	2.500	2.500	2.500	2.500	2.500	2.500	2.500	2.500	2.500

Jarðvinnsla	kr/ha	3937
Plæging - mýri	kr/ha	7875
Framræsla	kr/m	100
Plógræsing	kr/ha	6380
Illgresiseyðing	kr/ha	5767
Áburðargjöf	kr/pl	1,40

Gróðursetning fp67	5,13	5,55
Gróðursetning fp40	6,41	4,27
Gróðursetning fp35	7,69	2,99
Íbætur gróðursetn.	10,68	0

Tekið saman af Birni B. Jónssyni.

Viðauki 1.

Reykjavík 22.janúar 1997.

Guðmundur Bjarnason
landbúnaðarráðherra.

Starfshópur um undirbúning Suðurlandsskóga hefur lokið vinnu við gerð frumvarpsdraga um væntanlegt skógræktarverkefni á Suðurlandi.

Starfshópurinn hélt alls ellefu formlega fundi og þar af einn upplýsingafund með plöntuframleiðendum á Suðurlandi. Björn B. Jónsson skógræktarráðunautur var ritari starfshópsins en auk hans hefur Gunnar Freysteinnsson skógfræðingur unnið með vinnuhópnum við gerð frumvarpsdraganna. Áður hafa þeir Loftur Jónsson og Hreinn Óskarsson skógfræðinemar unnið að frumundirbúningi. Sérfræðingar á skógræktarsviði hafa komið að verkefninu með sérhæfa fagvinnu, yfirlestur og athugasemdir. Jón Höskuldsson lögfræðingur hefur lesið yfir drögina að lögnum og sérfræðingar á sviði hagfræði og fjármála hafa verið fengnir til sérfræðilegrar aðstoðar.

Með þessu bréfi skilar starfshópurinn drögum að lögum um Suðurlandsskóga, ásamt greinargerð. Frumvarpsdrögina eru sett upp í tíu greinar og þar að auki eru athugasemdir við sjö greinar frumvarpsins. Fylgiskjöl eru sjö sem skiptast þannig:

- I - Greinargerð um Suðurlandsskóga
- II - Samningar
- III - Kostnaðaráætlun Suðurlandsskóga
- IV - Kostnaðartölur fyrir skógrækt og skjólbeltarækt
- V - Greinargerð um innri vexti skógræktar
- VI - Greinargerð um útreiking skatthlutfalls af timbursölu
- VII - Binding koldíoxíðs

Til að Suðurlandsskógar megi takast sem best þegar til framkvæmda kemur þá hefur verið unnin mikil undirbúningsvinna. Má þar helst nefna:

- a) Sérfræðingar á Mógilsá hafa lagt mikla áherslu á rannsóknir á Suðurlandi
- b) frumvinnu að hugmyndum að landgreiningarkerfi sem tekur á fegurð, sjaldgæfni og mikilvægi landslagsþátta svo forðast megi árekstra út af skógrækt eða öðrum fyrirhuguðum framkvæmdum á Suðurlandi. Þetta skipulag er unnið m.a. í samvinnu við Skiplag ríkisins
- c) Samráð hefur verið haft við Náttúruverndarráð um friðlönd á Suðurlandi og friðun votlendissvæða
- d) Samband sunnlenskra sveitarfélaga hefur fylgst náið með undirbúningi og kynnt verkefnið fyrir sveitarstjórnarmönnum á svæðinu
- e) reynt hefur verið að hraða áætlanargerð á jörðum til að koma m.a. í veg fyrir einræktun og fleiri þætti sem eru taldir óæskilegir í skógrækt


Jón Erlingur Jónasson form.

Jón Loftsson

Gunnar Sverrisson

Björn B. Jónsson

Viðauki 2.





Hvað eru Suðurlandsskógar ?

Suðurlandsskógar er átaksverkefni í skógrækt á Suðurlandi til 40 ára. Á 40 árum er takmarkið að rækta 35.000 ha af skógi og 10.000 km af skjólbeltum, miðað við einfalda trjáröð. Eftirfarandi er stutt lýsing á helstu gerðum skógræktar og skjólbelta.

Timburskógur. Skógrækt sem hefur þann tilgang að framleiða timbur til iðnaðarnota, þ.e.a.s. hagræn skógrækt með sölu afurða í huga. Timbrið sem fæst við skógarhögg má síðan nota til sögunar á plönkum og borðum, sem nýtast áfram við gerð parketts, panels og ýmissra annarra smíða. Lakara timbur, þ.e.a.s. krókótt, kvistótt og undið má nota til framleiðslu viðarmassa til pappírsgerðar eða framleiðslu spónaplatna, eða kurla niður og nota til stígagerðar, jarðvegsgerðar eða eldiviðar.

Landbótaskógur. Skógrækt sem hefur þann tilgang að klæða land skógi, fegra ásýnd þess og bæta og styrkja gróðurþekju. Hér er tilgangurinn að taka illa farið og rýrt land og koma af stað þróun til skóg- eða kjarrlendis með einföldum og ódýrum aðferðum. Tíminn er látinn vinna með ræktuninni og skógar þessir geta orðið fyrirtaks útivistarsvæði.

Skógræktar-skjólbelti. Skjólbelti sem ræktuð eru sem undanfari skógræktar. Víða er vindur og skafrenningur vandamál við skógrækt. Með skjólbeltum má koma fyrirhuguðu skógræktarsvæði í skjól og draga þannig úr afföllum eftir gróðursetningu og flýta fyrir vexti trjáplantna fyrsta æfiskeiðið, uns trjáplönturnar fara að njóta skjóls hvert af öðru (u.þ.b. 1-2 m hæð).

Landbúnaðar-skjólbelti. Skjólbelti sem ræktuð eru til að skýla hefðbundnum landbúnaði, s.s. búfénaði, grasrækt, kartöflurækt, kornrækt, bithögum og landbúnaðarbyggingum. Kemur þar helst til að vindur eykur uppgufun hjá plöntum og dýrum, en það er orkukrefjandi ferli sem leiðir til kælingar. Þessi kælingaráhrif vinds er kölluð *vindkæling* og er metin sem hitastigslækkun frá mældum lofthita. Vindkæling á Suðurlandi yfir sumartímann getur að jafnaði verið um 4-5 °C, þ.e.a.s. ef lofthiti er um 10 °C er það hitastig sem plöntur og dýr finna fyrir ekki nema um 5-6 °C. Á okkar norðlægu slóðum skiptir hver gráða miklu um uppskeru og þrif í hefðbundnum landbúnaði.

Hverjir geta tekið þátt í Suðurlandsskógum ?

Allir þeir sem hafa til umráða lögbýlisjarðir, óháð því hvort þær séu bújarðir eða eyðijarðir, með takmörkunum um lágmarks landstærð:

Timburskógrækt : 25 ha samfelld svæði.

Landbótaskógrækt : 50 ha samfelld svæði.

Skjólbeltarækt : 30 ha svæði.

Skógræktarráðunautur Skógræktar ríkisins mun skoða fyrirhuguð landsvæði og meta gæði þeirra til skógræktar og skjólbeltaræktar. Að fengnu álitu skógræktarráðunautar mun stjórn Suðurlandsskóga taka ákvörðun um hvort viðkomandi aðili fái aðild að Suðurlandsskógum.

Lög um Suðurlandsskóga, nr.93/1997.

1.gr

Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að ræktun fjölnytjaskóga og skjólbelta á Suðurlandi, þ.e. Árnes-sýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, og umhirðu þess skóglendis sem þar er fyrir og treysta með því byggð og fjárfesta í nýrri auðlind sem efla mun atvinnulíf í framtíðinni.

Suðurlandsskógar eru samkvæmt lögum þessum sjálfstæður aðili sem sinni verkefnum skv. 1.mgr., þ.e. ræktun og umhirðu skóga og skjólbelta á jörðum á Suðurlandi samkvæmt sérstakri áætlun.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er greint milli tveggja greina fjölnytjaskógræktar, annars vegar ræktunar timburskóga, sem hefur að markmiði að framleiða viðarafurðir til iðnaðarnota, og hins vegar ræktunar landbótaskóga, en þá er fyrst og fremst lögð áhersla á verndar- og landbótamátt skógarins, fegurð hans og útivistargildi.

Skjólbelti eru í lögum þessum greind í tvo flokka, annars vegar belti sem ræktuð eru í því skyni að auka hvers kyns uppskeru og skýla búfénaði og mannvirkjum tengdum landbúnaði, hins vegar belti sem hugsuð eru sem undanfari skógræktar á bersvæði.

3. gr.

Áætlun, tímabil og umfang.

Gera skal sérstaka áætlun, Suðurlandsskógaáætlun, um nýtingu þess lands sem fallið er til skóg-ræktar. Áætlunin skal vera til 40 ára og skiptast í fjögur tíu ára tímabil og taka til a.m.k. 15.000 ha lands til

timburskógræktar, 10.000 km af skjólbeltum, miðað við einfalda plönturöð, og 20.000 ha lands til landbótaskógræktar.

Gera skal samninga sem landbúnaðarráðherra staðfestir við hvern og einn þátttakanda í Suðurlandsskógum og þinglýsa þeim sem kvöð á viðkomandi jörðum. Samningar skulu taka til afmarkaðs lands sem tekið er til ræktunnar í hverju tilviki og kveða á um kostnaðarþátttöku ríkisins, hlutdeild ríkissjóðs í væntanlegum afrakstri skógræktarinnar og annað sem þurfa þykir.

4. gr.

Kostnaður.

Kostnaður við starfsemi Suðurlandsskóga greiðist úr ríkissjóði með sérstakri fjárveitingu sem færð er undir landbúnaðarráðuneytið.

Suðurlandsskógar greiða undirbúnings- og rekstrarkostnað verkefnisins og laun stjórnar og fastra starfsmanna. Enn fremur greiða Suðurlandsskógar ákveðinn hluta af samþykktum kostnaði við skógrækt og skjólbeltarækt á lögbýlum, óháð búsetu, með kvöðum um endurgreiðslu til ríkissjóðs, sbr. 5. gr., samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð er landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar Suðurlandsskóga.

Landbúnaðarráðuneytið samþykkir skógræktar- og skjólbeltakostnað að fengnum tillögum Skógræktar ríkisins og Samtaka skógarbænda.

5. gr.

Skipting og binding tekna af verkefninu.

Af heildarframleiðsluverðmæti trjáviðar úr skógunum skulu 5% lögð á endurnýjunarreikning í vörslu Suðurlandsskóga. Þeim fjármunum skal innan fimm ára frá lokum skógarhöggs varið til endur-nýjunar skóglendis á viðkomandi jörð. Sé nýliðun skógar fullnægjandi má nýta fjármuni endur-nýjunarreiknings til að hirða um nýliðunina án tímatakmarka. Til ríkissjóðs skal greiða 15% af söluverðmæti hvers rúmmetra timburs á rót og skal því fé varið til ræktunar nýrra skóga.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu og innheimtu gjalda skv. 1.mgr. Undanþegin ákvæði 1.mgr. er fyrsta grísjun, enda sé hún skóginum nauðsynleg að mati Skógræktar ríkisins, og hagnaður af henni skal renna óskiptur á endurnýjunarreikning jarðarinnar.

6. gr.

Forgangur að vinnu.

Skógarbændur, sem hafa til umráða jarðir sem teknar eru til skógræktar samkvæmt samningi við Suðurlandsskóga, skulu hafa forgang að vinnu á vegum verkefnisins á jörðum þeim sem þeir nýta. Að þeim frágengnum hafa aðrir skógarbændur, sem aðild eiga að Suðurlandsskógum, forgang að vinnu við verkefnið.

7. gr.

Stjórn og rekstur.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna stjórn Suðurlandsskóga til tveggja ára í senn. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Félagi skógarbænda á Suðurlandi, annar af Skógrækt ríkisins og sá þriðji skipaður án tilnefningar. Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn Suðurlandsskóga og samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir verkefnisins. Hún ræður framkvæmdastjóra sem annast daglegan rekstur.

Skógrækt ríkisins veitir Suðurlandsskógum aðstoð og faglegar leiðbeiningar samkvæmt samstarfs-samningi er viðkomandi aðilar gera þar um.

8. gr.

Ársskýrslur og ársreikningar.

Ársskýrslur og ársreikningar Suðurlandsskóga skulu samþykktir af stjórn og staðfest af landbúnaðarráðherra. Þar komi m.a. fram staða framkvæmda á hverjum tíma og yfirlit yfir ráðstöfun fjármuna. Reikninga Suðurlandsskóga skal birta í Stjórnartíðindum, endurskoðaða af Ríkisendurskoðun.

9. gr.

Reglugerð og almenn ákvæði.

Að öðru leyti en greinir í lögum þessum fer um ræktun og meðferð Suðurlandsskóga eftir því sem við á eftir ákvæðum skógræktarlaga, nr.3/1955, með síðari breytingum.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

10. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 17. maí 1997.

Stuðningur frá Suðurlandsskógum.

Suðurlandsskógar koma til með að greiða 97% af stofnkostnaði við skógrækt, hvort heldur er um að ræða timburskógrækt eða landbótaskógrækt. Kostnaðarhluti landeiganda við skógrækt er því um 3%. Til stofnkostnaðar í skógrækt telst eftirfarandi:

Timburskógrækt:

- Girðingar
- Vegagerð (malarborinn)
- Jarðvinnsla (ef þarf)
- Skjólbelti (ef þarf)
- Plöntur (kaup)
- Plöntuflutningur
- Gróðursetning
- Áburðargjöf
- Grisjun & útdráttur
- Ófyrirséð (ferðir, tafir, o.s.frv.)

Landbótaskógrækt:

- Girðingar
- Plöntur (kaup)
- Plöntuflutningur
- Gróðursetning
- Áburðargjöf
- Ófyrirséð (ferðir, tafir, o.s.frv.)

Heildarkostnaður á hektara í skógrækt hleypur frá um 10.000 krónur í einföldustu landbótaskógrækt upp í 135.000 krónur í umfangsmikilli timburskógrækt.

Í skjólbeltarækt er kostnaðarhlutum skipt eftir verkþáttum, þannig að beinir útgjaldaliðir lendi að mestu á Suðurlandsskógum meðan hlutur landeiganda er meira vinnuþáttur og vélar. Þeir verkþættir sem Suðurlandsskógar greiða eru eftirfarandi:

Plöntur (kaup)

Plöntuflutningur

Plastdúkur

Plastlagning

Tilbúinn áburður

Verkstjórn

Illgresiseyðing

Ferðir (jarðv., verkstjórn, o.s.frv.)

Leiga á jarðvinnsluvél (ef þarf)

Ofangreindir verkþættir eru metnir sem 65-70% af kostnaði við skjólbelti. Þeir verkþættir sem landeigandi tekur á sig eru eftirfarandi:

Plæging

Búfjáráburður

Tæting

Gróðursetning

Ofangreindir verkþættir eru metnir sem 30-35% af kostnaði við skjólbelti. Til viðbótar kemur hjá landeiganda að friða skjólbeltin fyrir ágangi búfjár. Erfiðara er að meta þann þátt þar sem girðinga-þörf getur verið mjög mismunandi eftir nýtingu lands, beitarstjórnun og legu skurða.

Heildarkostnaður á kílómetra af skjólbeltum liggur á bilinu 100.000 krónur fyrir einfalt skjólbelti (ein plönturöð) upp í 300.000 krónur fyrir fjór- til fimmfalt skjólbelti (fjórar til fimm plönturaðir).

Skógræktaráætlun.

Náttúruvernd og umhverfismál.

Á seinni árum hefur umræða um náttúruvernd og umhverfismál aukist í samfélaginu og hefur skógræktin ekki farið varhluta af því. Verður að viðurkennast að ýmislegt í starfi skógræktarinnar hefur mátt betur fara, en ekki gengur að dæma verk fyrirrennara okkar eftir okkar eigin forsendum. Fyrirrennarar okkar höfðu sínar eigin forsendur sem þóttu góðar og gildar á þeim tíma. Okkar hlutverk er að draga lærdóm af því sem þegar hefur verið gert og reyna vort ítrasta til að gera betur.

Með ofangreind markmið í huga hefur nýjum lið verið bætt inn í skógræktaráætlunir sem er skráning náttúruminja og mannvistarleyfa á fyrirhuguðum skógræktarsvæðum og gerð verndarkorts sem mælir með hvaða svæði bæri að undanskilja frá skógrækt og á hvaða svæðum bæri að sýna sérstaka gát við skógræktarframkvæmdir. Hafa verið skilgreindir sérstakir *verndarflokkar* með mismunandi stigum verndunar eða aðgátar, sem notaðir eru við flokkun á skógræktarsvæði. Þessi vinna yrði unnin óháð af vinnu skógræktarráðunauts og af öðrum aðila til að gæta fyllsta hlutleysis.

Samfara flokkun eftir verndarflokkum er fylltur út *gátlisti í skógrækt*, sem unnin er upp úr gátlista fyrir umhverfismat. Þessi listi hjálpar öllum þeim aðilum sem koma að skógrækt að gera sér betur grein fyrir aðstæðum á viðkomandi jörð með tilliti til náttúrufars, hvar séu svæði sem taka þyrfti sérstakt tillit til og hvaða spurningum sé ósvarað og hvaða leiða eigi að leita þeim til úrlausnar.

Segja má að hér sé um einskonar *vasaumhverfismat* að ræða, þó vissulega sé það ekki fullgilt.

Vinna við Suðurlandsskóga.

Þeir sem gerast aðilar að Suðurlandsskógar koma til með að hafa vinnu við skógræktar framkvæmdir á jörðum þeim eða landssvæðum sem þeir nýta. Er þar fyrst og fremst um eftirfarandi verkþætti að ræða (laun innan sviga):

Timburskógrækt:

Gróðursetning (15.000 - 20.000 kr/ha).

Áburðargjöf (2.500 - 3.000 kr/ha).

Girðingavinna (2.000 - 3.000 kr/ha).

Jarðvinnsla (500 - 1000 kr/ha).

Vegagerð (1.000 - 2.000 kr/ha).

Grisjun (40.000 - 50.000 kr/ha).

Landbótaskógrækt:

Gróðursetning (2.500 - 5.000 kr/ha).

Áburðargjöf (500 - 1000 kr/ha).

Grisjun (15.000 - 20.000 kr/ha). {Birkiskógur}

Fyrir þá sem hafa aðstöðu til þess að vinna sjálfir að skógrækt á jörðum sínum geta haft af því nokkrar tekjur sem duga að jafnaði vel fyrir kostnaðarhlut landeiganda við skógrækt (um 4.000 kr/ha) og gott betur. Þeir landeigendur sem ekki eru í aðstöðu til að vinna sjálfir að skógrækt á jörðum sínum geta fengið aðra skógarbændur til að taka þá vinnu að sér.

Í skjólbeltarækt koma Suðurlandsskógar ekki til með að greiða fyrir vinnu landeiganda nema þar sem verið er að rækta skjólbelti sem undanfara skógræktar, enda sé það hluti af ræktunaráætlun.

Kvaðir.

Þeir sem skrifa undir samning um fjölnytjaskógrækt við Suðurlandsskóga, skuldbinda sig til að rækta skóg á því svæði sem tiltekið er í samningnum og verður það þinglýst sem kvöð á jörðinni. Að skógarhöggi loknu verður því að gróðursetja nýjan skóg í stað þess sem felldur var. Er tilgangurinn með þessu ákvæði sá að landeigandi geti ekki á óákveðnum tímamarki rutt skóginn og tekið landið til

annarrar landnýtingar og spillt þar með fjárfestingu Suðurlandsskóga. Ef landeigandi vill taka skógræktarland til annarrar landnýtingar verður hann að rifta samningnum og endurgreiða þær framkvæmdir sem Suðurlandsskógar hafa kostað til.

Suðurlandsskógar skuldbinda sig á móti til þess að gera skógræktaráætlun fyrir viðkomandi jörð eða landssvæði og gera ráðstafanir til þess að skógur vaxi upp á umsömdu svæði, ásamt því að grisja skóginn fyrstu grisjun.

Að fyrstu grisjun lokinni kemur ríkið til með að taka um 15% af söluverðmæti þess timburs á rót sem fellur til við seinni grisjanir og skógarhögg. Þessi 15% af timbursölu eiga að koma til endurgreiðslu á þeim kostnaði sem ríkið í gegn um Suðurlandsskóga hefur lagt í við skógrækt á viðkomandi jörð, enda sé framlag ríkisins ekki hugsað sem styrkur til landeiganda heldur hugsað sem langtíma lán!

Í skjólbeltarækt til landbúnaðar koma Suðurlandsskóga til með að bera ábyrgð á skjólbeltunum í fimm ár og gera ráðstafanir til að bæta í skörð sem koma kunna í skjólbeltin sökum plöntudauða, ásamt því að fyrirbyggja skemmdir eftir aðstæðum með notkun illgresislyfja. Skemmdir á skjólbeltum sem rekja má til ófullnægjandi friðunar fyrir ágangi búfjár, eru á ábyrgð landeiganda. Að fimm árum liðnum frá gróðursetningu skjólbeltis er það með öllu eign og ábyrgð landeiganda.

Samningar.

Drög að samningi um fjölnytjaskógrækt

Suðurlandsskógar, skv. l. nr. 93/1997, Selfossi, Árnessýslu, (og skógarbóndi).

gera með sér svofelldan samning um fjölnytjaskógrækt á jörðinni með eftirfarandi skilmálum og takmörkunum:

1.1 Skógarbóndi skuldbindur sig til að taka til skógræktar skv. fyrirbyggjandi mati á skógræktarskilyrðum, samþykktu af skógræktarstjóra, ha. lands til timburskógræktar og ha. lands til landbótaskógræktar, eða ha. lands til samans. Fer það eftir samkomulagi skógarbónda og Suðurlandsskóga hversu stórt land er tekið til skógræktar á hverjum áfanga. Samningi þessum fylgir lýsing á helstu kennileitum sem afmarka skógræktarlandið ásamt viðheftu korti er sýnir ytri mörk hins umsamda svæðis.

2. Suðurlandsskógar skuldbinda sig til að gerð verði skógræktaráætlun um skógarsvæðin til 10 ára og standa við framkvæmdir samkvæmt henni. Henni skal fylgja verklýsing á hverjum verkþætti, s.s. vegagerð, gróðursetningu og áburðargjöf. Þar komi einnig fram hvað sé talinn fullnægjandi frágangur einstakra verkþátta. Að öðru leyti skal skógarbóndi hlíta fyrir mælum starfsmanns Suðurlandsskóga varðandi tilhögun og frágang allra verka.

3. Suðurlandsskógar og skógræktarráðanautur Skógræktar ríkisins skulu hafa eftirlit með að allar framkvæmdir á svæðinu séu unnar samkvæmt heildaráætlun. Að loknum framkvæmdum ár hvert skal fara fram úttekt á unnum verkum. Úttektina annast skógarbóndi og starfsmenn Suðurlandsskóga. Við úttektina skulu verkin yfirfarin og skráð lýsing á þeim og hvort frágangur þeirra er fullnægjandi. Verði framkvæmdum að einhverju leyti áfátt skuldbindur skógarbóndi sig til að hlutast til um úrbætur.

4. Suðurlandsskógar skuldbinda sig til að hafa í sinni þjónustu starfsmann til þess að hafa umsjón með áætlanagerð, stjórna framkvæmdum og vera skógarbændum til ráðuneytis um allt er að ræktuninni lýtur. Skal hann hafa lokið viðurkenndri skógræktarmentun.

5.1 Framkvæmdastjóri Suðurlandsskóga annast skipulag vinnu við skógræktina.

5.2 Þeir sem hafa sama lögheimili og aðsetur og skógarbóndi hafa forgang að vinnu að skógrækt á þeirri jörð sem samningur þessi tekur til. Til þeirra verka sem heimamenn vinna ekki sjálfir skulu Suðurlands-

skógar, ef þess er kostur, ráða starfsmenn af öðrum skógarjörðum, enda hafi þeir aflað sér undirstöðuþekkingar í skógrækt sem Suðurlandsskógar meta gilda. Launakjör skulu vera samkvæmt kjarasamningum A.S.Í.

6. Skytt er skógarbónda að upplýsa framkvæmdastjóra Suðurlandsskóga, í síðasta lagi 1. okt-óber ár hvert, hversu mikið hann ætlar að nota af vinnurétti sínum næsta ár. Sé það ekki gert fyrir þann tíma skulu Suðurlandsskógar ráða aðra til starfanna.

7.1 Suðurlandsskógar greiða án tillits til búsetu % af samþykktum kostnaði við ræktun skóga á lögbýlum, samkvæmt reglugerð er landbúnaðarráðherra setur þar um, sbr. lög nr.93/1997, með kvöðum um endurgreiðslu til Ríkissjóðs, sbr. 8.2.

Ef framkvæmdahraði verður takmarkaður, t.d. vegna áfalla í plöntuframleiðslu, skulu jarðir sem eru í ábúð ganga fyrir, svo og eyðijarðir sem falla inn í samfelld skógræktarsvæði margra jarða.

7.2 Til kostnaðar skv. 7.1 teljast eftirfarandi framkvæmdir: a) Viðhald stofngirðinga og vélavinna, b) óhjákvæmileg vegagerð, c) framræsla lands, þar sem hún er talin nauðsynleg, d) jarðvinnsla þar sem hún er talin nauðsynleg, e) allar plöntur til gróðursetningar, f) kostnaður við gróðursetningu, g) áburðargjöf við útplöntun, h) fyrsta umhirða og grisjun.

7.3 Suðurlandsskógar munu, í samráði við Skógrækt ríkisins, setja reglur um umhirðu og grisjun og ber skógarbónda að fara eftir þeim.

7.4 Andvirði seldra afurða úr fyrstu grisjun skógarins skal renna til Suðurlandsskóga til þess að greiða grisjunina. Verði hagnaður af grisjuninni skal hann lagður óskiptur á endurnýjunarreikning jarðarinnar, sbr. 8.1.

8.1 Af heildar framleiðslu verðmæti trjáviðar úr skógi sem ræktaður er samkvæmt samningi þessum skal skógarbóndi greiða 5% gjald á sérstakan endurnýjunarreikning í vörslu Suðurlandsskóga. Þeim fjármunum skal innan 5 ára frá lokum skógarhöggs varið til endurnýjunar skóglendis á viðkomandi jörð. Sé nýliðun skógar fullnægjandi má nýta fjármuni endurnýjunarreiknings til að hirða um nýliðunina án tímatakmarka. Gjald á endurnýjunarreikning skal nánar ákveðið í reglugerð með hliðsjón af kostnaði við endurnýjun skóglendis á hverjum tíma.

8.2 Allir skógarbændur skulu greiða í ríkissjóð 15 % af söluverðmæti timburs á rót og skal þeim tekjum varið til ræktunar nýrra skóga, sbr. l. nr. 93/1997.

Afurðir sem falla til við fyrstu grisjun timburskóga eru undanskildar gjaldtöku skv. þessari grein.

9.1 Þar til kemur að framkvæmdum skv. ræktunaráætlun Suðurlandsskóga er skógarbónda heimilt að nýta í eigin þágu eða leigja öðrum land sem samningur þessi nær til, svo framarlega sem skógræktarframkvæmdum er engin hættu búin af slíkum afnotum að mati Suðurlandsskóga.

9.2 Þegar hafnar eru framkvæmdir á jörð skv. samningi, er skógarbónda með öllu óheimilt að selja eða gefa lifandi plöntur sem plantað hefur verið samkvæmt samningi, til annarra aðila.

10. Girðingar um timburskóga skulu vera löggirðingar, nema Suðurlandsskógar, í samráði við skógræktarráðanaut Skógræktar ríkisins, og landeigandi ákveði að rafmagnsgirðing henti betur. Um girðingar um skóglendi og hlið á þeim fer eftir ákvæðum girðingarlaga nr. 10, 25. mars 1965.

Undanskilið frá ákvæðum 1. mgr. eru stofngirðingar um stærri skógræktarsvæði, sbr. 11., og skal farið eftir tilmælum skógræktarráðanauts Skógræktar ríkisins þar um.

11. Stofngirðing verður lögð um skógræktarsvæði samkvæmt áætlun þar að lútandi og verður hún óháð landamerkjum, nema óskað verði eftir öðru við undirritun þessa samnings. Ekki er hægt að breyta eða flytja til stofngirðingu á kostnað Suðurlandsskóga, svo vilji skógarbóndi síðar taka stærra land til skógræktar en ákvarðað var með þessum samningi, verður hann að girða það á eigin kostnað.

12.1 Á land það sem Suðurlandsskógar og landeigendur eru sammála um samkvæmt samningi þessum að nytja til timburskógræktar má ekki beita búfé. Suðurlandsskógum er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstakar ástæður mæla með.

12.2 Á land það sem Suðurlandsskógar og landeigendur eru sammála um samkvæmt samningi þessum að rækta til landbótaskógræktar má beita á búfé eftir þar til gerðri beitar-áætlun. Skal beitaráætlun gerð í samráði skógarbónda, Suðurlandsskóga og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og/eða Landgræðslu ríkisins.

12.3 Bannað er að leggja eld í skóglendi og aldrei má brenna sinu á skógarjörðinni.

13. Í samræmi við samstarfssamning Skógræktar ríkisins og Suðurlandsskóga annast Skógrækt ríkisins eftirfarandi:

1. Aðstoðar við skipulagningu og gerð ræktunaráætlunar. Ræktunaráætlanir skulu gerðar í samráði við skógarbónda.

2. Hefur eftirlit með að skógræktarlögum og samningi þessum sé framfylgt.
3. Lætur skógarbændum og starfsmönnum Suðurlandsskóga í té faglega þekkingu.

14. Komi til vanefnda á samningi þessum af hálfu Suðurlandsskóga er skógarbónda heimilt að rifta samningnum. Slík riftun er háð samþykki landeiganda, sé skógarbóndi jafnframt ekki eigandi skógræktarlandsins. Riftun skógarbónda skapar honum ekki rétt á skaðabótakröfu á hendur Suðurlandsskógum. Vanefni skógarbóndi skyldur sínar samkvæmt samningi þessum er Suðurlandsskógum heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað skógarbónda.

15. Ákvæði þessa samnings taka til þess svæðis sem byrjað verður á að girða árið og lokið árið og gróðursetning hefst árið Gildistími samnings þessa er 10 ár af 40 ára áætlunartímabili, þar sem gert er ráð fyrir að ha lands sé unnt að taka til skógræktar á jörðinni.

16. Rísi ágreiningur um einhver ákvæði samnings þessa, sem aðilar finna ekki lausn á, skal þeim ágreiningi skotið til gerðardóms er hafi bindandi úrskurðunarvald. Tilnefnir hvor aðili um sig einn mann í dóminn, en aðilar komi sér saman um oddamann. Náist ekki samkomulag munu aðilar fara þess á leit við viðkomandi sýslumann að hann tilnefni oddamann. Afl atkvæða ræður niðurstöðu gerðardómsins. Gerðardómur ákveður kostnað og hver skuli greiða. Þá ákveður hann hvort öðrum aðila skuli gert að greiða hinum málskostnað.

17. Skógarbóndi sem undirritar samning þennan á rétt til skráningar á virðisaukaskattskrá skv. 6.gr. reglugerðar um skráningu virðisaukaskattskyldra aðila, nr.515/1996. Á grundvelli þess getur hann fengið endurgreiddan virðisaukaskatt af öllum aðföngum sem eingöngu verða notuð til nytjaskógræktar, enda forsendur skráningarinnar að framangreint land verði nýtt til nytjaskógræktar. Verði um breytt not landsins að ræða ber að tilkynna skattstjóra um það áður en notkun er breytt eða eignarheimild eða leigusamningi er þinglýst.

AÐRIR SKILMÁLAR:

18. Samningi þessum skal þinglýst sem kvöð á jörðina er skuldbindur landeiganda og þá sem síðar kunna að öðlast réttindi yfir jörðinni, þ.m.t. leigurétt. Suðurlandsskógar annast þinglýsinguna og greiða kostnað sem af henni leiðir.

19. Að öðru leyti en greinir í samningi þessum fer um ræktun og meðferð skógarins á landinu skv. ákvæðum laga nr. 93/1997 og eftir því sem við á skv. lögum um skógrækt nr.3/1955 með síðari breytingum.

20.1 Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir varnarþingi viðkomandi jarðar.

20.2 Fullnaðargildi samnings þessa er háð staðfestingu landbúnaðarráðherra.

20.3 Af samningi þessum eru gerð fimm samhljóða frumrit. Heldur skógarbóndi einu, Suðurlands-skógar einu og eitt skal ritað á löggiltan skjalapappír til þinglýsingar. Eitt eintak skal sent landbúnaðar-ráðuneytinu til vörslu og annað jarðanefnd.

Undirritað af Suðurlands-skógum, skógarbónda, landbúnaðarráðherra og jarðeiganda sé hann ekki jafnframt skráður skógarbóndi. Allt gert í votta viðurvist.

Drög að samningi um skjólbeltarækt

Suðurlandsskógar og _____ kt: _____ - _____, ábúandi/landeigandi á jörðinni _____ í _____ hreppi gera með sér samning um ræktun skjólbelta á jörðinni.

Um styrki til skjólbeltaræktar á jörðum gilda eftirfarandi reglur.

1. Suðurlandsskógar annast skipulagningu skjólbelta í samráði við ábúanda/landeiganda, eftirlit með framvindu þeirra og veitir leiðbeiningar um meðferð þeirra.

2. Ábúandi/landeigandi sér um eftirfarandi:

- a) jarðvinnslu
- b) plastlagningu, annað en getur um í 3.c
- c) gróðursetningu
- d) áburargjöf
- e) vörslu skjólbeltanna (t.d. girðingar)

3. Af fjárveitingum Suðurlandsskóga til skjólbeltagerðar greiðist eftirfarandi:

- a) plöntur
- b) plastdúkur
- c) vélavinnu við plastlagningu
- d) umsjón og verkstjórn með gerð beltanna
- e) illgresiseyðing í mest 5 ár

4. Ábúandi/landeigandi skal fara eftir ráðleggingum eftirlitsmanns Suðurlandsskóga varðandi jarðvinnslu, plastlagningu, gróðursetningu, áburðargjöf, umhirðu og vörslu skjólbeltanna. Fari ábúandi/landeigandi ekki eftir þeim ráðleggingum fær hann ekki áframhaldandi framlög til skjólbeltaræktar.

5. Þau skjólbelti sem verða til á þann hátt sem að framan greinir verða að öllu leyti í eigu ábúanda/landeiganda.

Staður og dagsetning _____, _____

Ábúandi/landeigandi

F.h. Suðurlandsskóga

Að sækja um þáttöku í Suðurlandsskógum.

Þegar sótt er um að gerast þáttakandi í Suðurlandsskógum er ferlið þannig að byrjað er á að fylla út umsóknareyðublað það sem fylgir aftast í rit þessu og senda það til:

Suðurlandsskógar

Austurvegur 1

800 Selfoss

Skógræktarráðunautur Skógræktar ríkisins mun síðar koma og ræða við landeiganda/landumráðanda og líta á landsvæði það sem hugmyndin er að taka til skógræktar og/eða skjólbeltaræktar og meta þá möguleika sem það gefur. Hann mun síðar skrifa stutta greinargerð um fyrirhugað skógræktar- eða skjólbeltasvæði sem mun fylgja umsókninni þegar hún verður tekin upp á stjórnarfundum í stjórn Suðurlandsskóga um haustið. Þar verður metið hvort umsóknin telst hæf og hvort hún fái vilyrði til að byrja í skógrækt eða skjólbeltarækt strax næsta vor.

Fram til ársins 2000 verða Suðurlandsskógar fjármagnaðir úr fjárveitingu til bindingar kolefnis úr andrúmsloftinu. Í byrjun verða fjárveitingar takmarkaðar en fara stighækkandi uns náð hefur verið fullum afköstum um 2002. Í eftirfarandi töflu sést hvernig fjárveitingar til Suðurlandsskóga aukast á tímabilinu 1998 - 2002:

<u>Ár</u>	<u>1998</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>
miljónir króna	25	40	55	70	100

Eins og gefur að skilja verður ekki hægt að hleypa öllum umsækjendum af stað þegar árið 1998, heldur verður hleypt inn í Suðurlandsskógaverkefnið í áföngum á 2 - 3 árum. Er það von okkar að væntanlegir skógræktar- og skjólbeltabændur virði ofangreindar takmarkanir við okkur og sýni þá þolinmæði sem allt skógræktarstarf krefst.

Með bestu kveðju

Björn B. Jónsson

framkvæmdastjóri

Suðurlandseskóga

Gunnar Freysteinnsson

skógræktarráðunautur

Suðurlandsdeild

Umsóknareyðublað

Ég undirritaður ábúandi/landeigandi á jörðinni _____ í _____ óska hér með eftir að jörð mín eða hlutar hennar verði metnir með tilliti til skógræktar og/eða skjólbeltaræktar.

Jörðin er að stærð:

<50 ha 50-100 ha 100-250 ha 250-1000 ha >1000 ha

Áhugi er á að taka til samfelldrar **skógræktar**:

25-50 ha 50-100 ha 100-250 ha 250-1000 ha > 1000 ha

Umrætt svæði skiptist eftirfarandi (gróft mat):

	10	20	30	40	50	60	70	80	90	100 %
Frjótt land (Vellir, Deigjur)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Rýrt land (Móar, Holt)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ógróið (Melar, Sandar, Aurar)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hraun og Klappir	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Áhugi er á að taka til **skjólbeltaræktar**:

25-50 ha 50-100 ha 100-250 ha 250-1000 ha > 1000 ha

Umrætt svæði skiptist eftirfarandi (gróft mat):

	10	20	30	40	50	60	70	80	90	100 %
Tún	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Akrar	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Beitarhólf	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Nafn ábúanda/landeiganda: _____ Kennitala : _____ - _____

Nafn félags/samtaka: _____ Kennitala : _____ - _____

Heimasími: _____ Vinnusími: _____ Farsími: _____ Fax: _____

Undirskrift ábúanda eða fulltrúa hans